

Lífsstíll barna

Kristbjörg Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, hélt erindi um lífsstíl barna.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Um hana er þetta að segja: Stúdents- og kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands. Kennari við Digranesskóla í Kópavogi. Útskrifuð sem meinatæknir frá Tækniskóla Íslands. Starfaði við Sjúkrahús Reykjavíkur í Fossvogi, Landakot, Blóðbankann við Barónsstíg og Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Var í fræðslunefnd Meinatæknifélags Íslands, meðeigandi og sölumaður á fasteignasölu. Útskrifuð byggingariðnfræðingur frá Tækniskóla Íslands. Starfaði sem fræðslufulltrúi hjá Fjárfestingamiðlun Íslands. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra. Móðir fjögurra barna, yngsta barnið er í 4. bekk grunnskóla. – Gjörðu svo vel.

Úrdráttur úr erindinu

Börn í tilbúnu umhverfi

Við foreldrar eigum að geta mótað umhverfi barna okkar en verðum þó að gera okkur grein fyrir því að tími og vald okkar foreldra hefur minnkað nú í seinni tíð því fræðslan kemur víða frá. Í meira mæli eru börn farin að sitja inni í sínum herbergjum við tölvu tengda netinu og geta verið að skoða ýmislegt sem alls ekki hæfir þeirra aldri. Það er t.d. tölvuleikur í gangi í dag sem nefnist morðingjaleikur (GTA) og byggist á því að hver og einn fær hundrað líf og því í lagi að drepast oft.

Þennan leik leika börn allt niður í 6. ára aldur. Hver eru skilaboðin? Jú, það er í lagi að berja, meiða og drepa menn geti staðið upp aftur. Þetta er ógnvænlegt og því brýnt að foreldrar fylgist með tölvuleikjum barna sinna.

Ég hef orðið vör við að fólk hefur áhyggjur af þeim aðstæðum sem íslenskum börnum eru búnar í samfélagi okkar í dag, enda hafa þær breyst mjög á undanförunum árum. Um 90% foreldra sem sækja um leikskólavist fyrir börn sín óska eftir heilsdagsvistun, en sækja má um leikskólavist fyrir börn frá 12. mánaða aldri. Þarna kemur þrýstingur frá samfélaginu um að koma börnunum inn á stofnun sem allra fyrst fremur en að það auðveldi foreldrunum sjálfum að annast þau.

Barn sem er í vistun í 8-9 klukkustundir á dag frá 12. mánaða aldri elst að mestu leyti upp inni á stofnun. Er það gott fyrir barnið? Áberandi er að börn leika sér minna úti á víðavangi en áður tíðkaðist. Börn sjást

varla lengur á byggingasvæðum eða niðri við bryggju. Kostirnir eru að líkamlegum slysum hefur fækkað en e.t.v. fjölgar sálarlegum slysum sem minni gaumur er gefinn.

Heimili og skóli hefur útbúið svokallaðan Foreldrasamning, sem hjálpar foreldrum eins bekkjar eða árgangs í skóla að starfa saman að velferð barna sinna. Samningurinn felur í sér að foreldrar sameinast um ýmsar grundvallareglur svo sem að virða lögboðinn útivistartíma, hafa ekki foreldralaus „party“, leyfa börnunum ekki að gista hjá öðrum nema vita hvernig aðstæður eru og kaupa ekki áfengi fyrir börn svo dæmi séu tekin.

Þetta samstarf með hjálp samningsins hefur víða verið tekið upp í skólum borgarinnar með góðum árangri. Eins hefur starf foreldra innan foreldrafélaga skólanna skilað sér til barnanna. Ég vil sjá fyrirtæki gefa því starfsfólki sínu frí frá vinnu á launum einn klukkutíma í mánuði sem er í stjórn foreldrafélaga eða —ráða til þess að það geti sinnt foreldrastarfi innana skólans. Þannig geta fyrirtæki og stofnanir sýnt í verki jákvætt viðhorf til fjölskyldu og barna starfsmanna sinna.

Komið hefur í ljós að farsímaeign ungra barna er mjög almenn. Börn geta fengið óæskileg skilaboð í gegn um símann sinn og þannig hefur orðið til nýtt form á einelti. Foreldrar auka að vissu leyti öryggi barna sinna með því að láta þau fá farsíma, en geta um leið skapað þeim vanda. Ég bendi á að áður kynntumst við vinum barna okkar og foreldrum þeirra með því að hringja á þeirra heimili en nú hringja börnin hvert í annað og við beint til okkar barns.

Ég gerði óformlega könnun á viðhorfi barna í 10. bekk grunnskóla, spurningin var: „Hvað finnst þér eftirsóknarverður lífsstíll?“. Í ljós kom að glansheimurinn sem þau sjá í sjónvarpi og tímaritum eru þeim ofarlega í huga. Þau vilja verða rík, fræg og falleg og hafa sem minnst fyrir því. En inn á milli voru vitaskuld svör eins og lifa lífinu án tóbaks og annarra vímuefna, afla sér góðrar menntunar o.s.frv... Gildismat barnanna er okkur foreldrum verðugt umhugsunarefni.

Ég minni að lokum á að við foreldrar erum fyrst og síðast fyrirmynd barna okkar og verðum að taka þetta stærsta hlutverk lífs okkar alvarlega. Þrátt fyrir góðar skólastofnanir megum við ekki gleyma okkur. Við þurfum að staldra við í amstri dagsins og spyrja okkur, hvað er mér mest virði í lífinu, barnið mitt eða vinnan?

Takk fyrir, Kristbjörg Hjaltadóttir